

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um breytt einkunnakerfi í íþróttakennslu

Á fundi borgarstjórnar sem haldinn var 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Núma Hrafns Baldurssonar frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða vinnueinkunn í íþróttum í stað núverandi einkunnakerfis í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Lagt er til að breytingarnar taki gildi eigi síðar en á vorönn 2023.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Samkvæmt kafla 9.1 í aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur námsmats að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er jafnframt hægt að stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um gengi nemenda í námi; hæfni, vinnubrögð og framfarir sem hægt er að hafa að leiðarljósi við að skipuleggja næstu skref í náminu. Í kafla 23.3 í aðalnámskránni er fjallað sérstaklega um kennsluhætti og námsmat í skólaíþróttum og fjallað um hvernig námsmat í skólaíþróttum getur verið greinandi mat til að greina námsvanda nemenda, stöðumat til að kanna stöðu nemanda við upphaf náms, leiðsagnarmat til að fylgjast með stöðu nemenda og nota þær upplýsingar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma.

Í skólanámskrá hvers skóla gera skólar grein fyrir því hvernig þeir nýta það svigrúm sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna sveitarfélagsins býður upp á. Í skólanámskrá sinni birta skólar nánari útfærðslu á ákvæðum aðalnámskrár og þar á m.a. að birta upplýsingar um námsmat skólans og vitnisburðarkerfi. Grunnskólar borgarinnar hafa þannig nokkuð svigrúm til að laga sitt starf að sérstöðu og staðbundnum aðstæðum og gera í sinni skólanámskrá grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til náms og kennslu.

Skóla- og frístundasvið hefur útvegað grunnskólum borgarinnar ramma að skólanámskrá og starfsáætlun sem skólar geta nýtt sér. Skóla- og frístundasvið hefur reglulega farið yfir starfsáætlanir og skólanámskrár til að tryggja að hvort tveggja uppfylli þau skilyrði sem lög og aðalnámskrá segja til um. Skóla- og frístundasvið hefur ekki sett fram samræmt einkunnakerfi í grunnskólum borgarinnar heldur hafa kennarar í hverjum skóla sett fram markmið náms í samræmi við hæfniviðmið og matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla.

Skóla- og frístundasvið hefur þannig ekki heimild til að innleiða vinnueinkunn í íþróttum í stað núverandi einkunnakerfis en getur hvatt skóla til að nýta það svigrúm sem aðalnámskrá grunnskóla veitir til að hafa námsmat í skólaíþróttum eins fjölbreytt og ákvæði aðalnámskrár gefa svigrúm til.